



Akraneskaupstaður  
Bt. Haraldur Benediktsson bæjarstjóri  
Dalbraut 4  
300 Akranes

Akranesi, 4. október 2023

## Varðar umsókn í Framkvæmdasjóð aldraðra vegna djúpgáma

Á síðasta fundi stjórnar Höfða var fjallað um kostnaðaráætlun vegna kaupa og uppsetningar á fimm djúpgámum við Höfða. Núverandi gámamál Höfða eru í algjörum ólestri og skapar staðsetning núverandi gáma bruna- og fokhættu við húsnæðið. Því þarf annaðhvort að reisa gámaskýli í hæfilegri fjarlægð frá húsnæði eða koma upp djúpgámum á lóð. Í ljósi framþróunar í gámamálum er það mat stjórnenda að eina vitið sé að fara í djúpgáma.

Meðfylgjandi kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir að kostnaður við kaup og uppsetningu á fimm djúpgámum yrði um 24,3 mkr. Nú liggur fyrir að Sjúkratryggingar Íslands heimilar ekki að notaðir séu fjármunir af daggjöldum hjúkrunarheimila til endurbóta/verkefna af þessari stærðargráðu.

Hægt er að sækja um í Framkvæmdasjóð aldraðra vegna slíkra verkefna (40% af kostnaðaráætlun). Við síðustu úthlutun sjóðsins fengu hjúkrunarheimili framlög til slíkra verkefna. Því óskar stjórn Höfða eftir því að eigendur komi að fjármögnun móttframlags á móti framlagi sjóðsins.

<b>Kostnaðaráætlun-djúpgámar</b>	<b>24.278.400</b>
Áætlað framlag Framkvæmdasj.aldraðra	9.711.360
Móttframlag Akraneskaupstaðar	13.110.336
Móttframlag Hvalfjarðarsveit	1.456.704

Sótt yrði um framlag vegna verkefnisins í Framkvæmdasjóð aldraðra árið 2024. Venjan er að auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn í byrjun árs og úthlutað á vormánuðum. Framkvæmdatími yrði því sumar eða haust 2024.

Stjórn Höfða óskar eftir því að eigendur komi að fjármögnun verkefnisins á móti framlagi úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Virðingarfyllt,

fh. stjórnar,

Kjartan Kjartansson  
framkvæmdastjóri